



Félagsmálanefnd Snæfellinga - Barnaverndarnefnd Snæfellinga

Erindisbréf

Stjórnskipuleg staða

Félagsmálanefnd Snæfellinga starfar á félagsmála- og fræðsluviði á vegum sveitarfélaga á Snæfellsnesi og heyrir undir sveitarstjórnir og stjórn Félags- og skólajónustu Snæfellinga. Starfsmaður félagsmálanefndarinnar er forstöðumaður FSSF og aðrir starfsmenn FSSF starfa ennfremur með nefndinni.

Skipan, seturéttur á fundum og áheyrnaraðild

Í félagsmálanefnd eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af bæjarstjórnnum að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum í samstarfssamningi sveitarfélaganna á Snæfellsnesi og skiptast þannig; tveir frá Snæfellsbæ og Stykkishólmsbæ og einn frá Grundarfjarðarbæ.

Félagsmálanefndin kýs sjálf formann og varaformann. Kjörtímabil félagsmálanefndar er hið sama og bæjarstjórna. Auk kjörinna fulltrúa á forstöðumaður FSSF rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Þá er heimilt að kalla til á fundi ráðsins sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana aðildarsveitarfélaganna er skylt að sitja fundi ráðsins sé þess óskað.

Hlutverk og verksvið

Hlutverk félagsmálanefndar er m.a. að móta stefnu varðandi félagslega þjónustu sem sveitarfélögin veita. Ráðið fer jafnframt með lögbundið hlutverk barnaverndarnefndar. Meðal verkefna nefndarinnar er:

- að vera bæjarstjórnnum til ráðgjafar og veita umsögn um erindi er tengjast félagsþjónustu í héraðinu,
- að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar, einkum þó laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlög og lög er snerta skólamál,
- að vinna tillögur að reglum um nánari útfærslu á einstökum þáttum félagsþjónustunnar,
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnanna í málaflokknum nái fram að ganga,
- að hafa yfirstjórn á félagslegri þjónustu sveitarfélaganna sem tekur m.a. til:

*félagslegrar ráðgjafar
fjárhagsaðstoðar
félagslegrar heimaþjónustu
málefna barna og ungmenna
málefna flóttamanna
gæslu barna á leikvöllum og í
heimahúsum
þjónustu við fatlaða
áfengis- og vímuefnavarna*

- að vera starfsfólki FSSF til ráðuneytis og ráðgjafar um fagleg málefni skólaláþjónustu á starfssvæðinu
- að leitast við að samræma skólaláþjónustuna á svæðinu og huga að hagsmunum allra skólanna,
- að fylgjast með og stuðla að því að skólarnir eigi aðgang að lögboðinni stoð- og sérfræðiþjónustu,
- að fjalla um önnur þau mál sem stjórn FSSF eða bæjarstjórnirnar fela nefndinni.

Starfshættir

Félagsmálanefndin skal koma saman á fastákveðnum fundartíma einu sinni í mánuði. Skal gerð samþykkt um fundartíma á fundi ráðsins að fenginni tillögu forstöðumanns. Boðað skal til aukafunda að ákvörðun formanns og forstöðumanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmanna óska þess. Heimilt er að fella niður fundi að sumarlagi og á öðrum tímum að mati formanns og forstöðumanns. Ráðið getur auglýst einstaka fundi sína opna en verður annars að samþykkja viðveru hvers þess sem ekki á seturétt á fundinum. Þá getur nefndin staðið fyrir kynningarfundum vegna starfa sinna eða þeirra málefna sem til umfjöllunar eru.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum þess. Forstöðumaður FSSF sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir nefndina. Hann útbýr í samráði við formann skriflegt eða rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður, fundartími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum og varamönnum svo og öðrum sem seturétt eiga á fundum félagsmálanefndarinnar. Boðun funda skal fara fram með tryggilegum hætti svo öruggt sé að fundarboð hafi borist öllum í síðasta lagi fimm dögum fyrir fund.

Félagsmálanefndin afgreiðir mál með samþykktum, ályktunum og ákvörðunum. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Ályktanir til bæjarstjórna skulu ætíð sendar bæjarstjóra í sérstöku erindi sem starfsmaður nefndarinnar útbýr.

Kjörinn nefndarmaður eða starfsmaður færir fundargerð hvers fundar. Fundargerð skal greina númer fundar, skv. talningu ákveðinni af stjórn FSSF, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Skrá skal mál sem tekin eru fyrir og þess sérstaklega getið ef mál er tekið fyrir utan dagskrár fundarins. Lýsa skal erindum með meginefni þeirra, aðilum og dagsetningum bréfa. Fundargerð má hvort heldur sem er færa í gerðarbók eða beint í tölvu. Í lok fundar skal fundargerðin lesinn upp og viðstaddir undirrita hana í gerðarbók og á útprentun tölvufærðrar fundargerðar ef því er til að skipta. Forstöðumaður FSSF sér um að undirrituð fundargerð skili sér til stjórnar FSSF og bæjarstjóra.

Með viðkvæm mál skjólstæðinga, skal farið sem trúnaðarmál, og skulu þau færð til bókar í sérstaka fundargerðarbók (trúnaðarbók). Afgreiðslur í trúnaðarbók eru ekki sendar til annara aðila en þeirra sem málið snertir. Trúnaðarbókina skal skrifstofa FSSF varðveita á tryggum stað.

Nefndarmenn skulu fá hæfilega þóknun fyrir störf sín samkvæmt nánari ákvörðun þeirra sem bera ábyrgð á störfum nefndarinnar.

Eftirfylgni

Félagsmálanefndin ásamt starfsfólki FSSF hafa með höndum framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi málefni félagsþjónustunnar.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktu um stjórn og fundarsköp félagsmálanefndarinnar eftir atvikum. Nefndarmönnum er bæði rétt og skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Nú forfallast aðalmaður um stundarsakir og skal hann þá boða tilnefndan varamann sinn og láta formann eða forstöðumann vita um forföllin með góðum fyrirvara. Flytjist aðalmaður burt úr sveitarfélaginu, falli hann frá eða forfallist varanlega á annan hátt, tekur tilnefndur varamaður sæti hans þar til aðalmaður er kosinn að nýju og eftir atvikum annar varamaður.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar enda skili hann efni þess til forstöðmanns a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund. Nefndarmenn skulu hafa hag skjólstæðinga félagsþjónustunnar sérstaklega að leiðarljósi við störf sín en gæta þess jafnan að samræmi sé í afgreiðslu mála. Í atkvæðagreiðslu um málefni á vettvangi félagsmálanefndarinnar eru nefndarmenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni og skráðum reglum. Þá skulu þeir virða í hvívetna samþykktir um stjórn og fundarsköp.

Nefndarmenn, forstöðumaður og aðrir sem fundi félagsmálaráðs sitja eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um á fundum eða í öðru starfi sínu fyrir félagsmálaráð og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 nefndarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Nefndarmaður skal undirrita að viðlögðum drengsskap að virða þagnarskylduna sem varir áfram eftir að nefndarmaður lætur af störfum.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og atkvæðagreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venlamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi. Nefndarmanni er skylt að vekja athygli á því ef hæfi hans til meðferðar máls orkar tvímælis.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal félagsmálanefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið ráðsins, sérstaklega þó; *lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlög nr. 80/2002, lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, lögum um grunnskóla nr.66/1995 og lög um leikskóla nr. 78/1994.*

Staðfest í öllum sveitarfélögunum.

Snæfellsnesi 1. júní 2007,

Albert Eymundsson, forstöðumaður FSSF